

Samkomulag

Aðilar að samkomulagi þessu eru Hafnarfjarðarbær, kt. 590169-7579 Strandgötu 6, Hafnarfirði og Hestamannafélagið Sörli, kt. 640269-6509, Sörlaskeiði 13a, Hafnarfirði.

Samkomulag þetta er í samræmi við greinargerð með fjárhagsáætlun 2020.

I) Starfshópur um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla.

Starfshópur um uppbyggingu á athafnasvæði Hestamannafélagsins Sörla var skipaður af umhverfis- og framkvæmdaráði þann 12. september 2018.

Starfshópurinn skilaði skýrslu sinni þann 12. apríl 2019. Þann 11. júlí 2019 samþykkti bæjarráð að óska eftir að starfshópurinn tæki til starfa að nýju og að þær tillögur sem komu fram í skýrslu starfshóps að uppbyggingu yrðu yfirfarnar með það markmið að áfangaskipta eða forgangsráða framkvæmdum, nýta betur núverandi innviði og skoða aðra þætti sem gætu leitt til hagræðingar.

Starfshópurinn fékk til liðs við sig Sigurð Þorvarðarson, byggingarfræðing, til þess að rýna stærðir og kostnað. Starfshópurinn kynnti niðurstöðu sína á fundi bæjarráðs þann 27. febrúar 2020, þar sem m.a. kom fram að tekist hefði að lækka áætlaðan kostnað mjög verulega og lögð var fram tillaga að áfangaskiptingu framkvæmdarinnar. Skýrsla starfshópsins og frumkostnaðarmat fylgja með samkomulagi þessu.

Breytingar hafa verið gerðar á deilisskipulagi á svæðinu sem nauðsynlegar voru til að liðka fyrir sölu hestahúsalóða. Úthlutun og sala hestahúsalóða mun hafa áhrif á framkvæmdahraða á athafnasvæði Sörla.

II) Samkomulag

Aðilar gera með sér eftirfarandi samkomulag um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla:

1. Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjá fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Hestamannafélaginu Sörli. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.
2. Í skýrslu starfshóps um uppbyggingu á athafnasvæði Sörla er sett fram tillaga að gerð reiðhalla og þjónusturýmis, ásamt áfangaskiptingu verkefnisins. Samkomulag er um að framkvæmdahraði og áfangaskipting taki mið af úthlutun hestahúsalóða sem nánar er skilgreint í erindisbréfi framkvæmdanefndar.
3. Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingarframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.

4. Verkefnið verður fjármagnað í samræmi við tillögu framkvæmdanefndar og niðurstöðu bæjarstjórnar um kostnaðarskiptingu milli aðila. Endanlega ákvörðun um áfangaskiptingu skal einnig vera samkvæmt tillögu framkvæmdanefndar og eftir að tillaga að kostnaðarskiptingu milli aðila liggur fyrir.

Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers árs og eða við breytingu fjárhagsáætlunar þess árs. Við undirritun samkomulags þessa verður skipað framkvæmdanefnd um uppbygginguna.

DRÖG